# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAÞINGS -VESTRA 2014 - 2026
## LAUGARBAKKI Verslun og þjónusta




Gildandi Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026




Breyting á aðalskipulagu Húnaþings vestra 2014 - 2026.




**GREINARGERÐ**

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga númer 123/2010. Breytingin felur í sér að landnotkun á 10,1 ha svæði er breytt úr samfélagsþjónustu S-1 í verslun og þjónustu VÞ-2. Breytingin tekur til núverandi skólahúsnæðis sem verður notað fyrir hótelrekstur. Með breytingunni er aðeins verið að breyta landnotkun á reitnum og notkun þess húsakost sem fyrir er, ekki er leyfð uppbygging á svæðinu. Á reitnum eru í dag

- þrjár íbúðalóðir þ.e.
  - eitt raðhús með tveimur 90 $m^2$ íbúðum á 950 $m^2$ lóð.
  - 145 $m^2$ einbýlishús á 1228 $m^2$ lóð.
- Skólalóð er skilgreind sem viðskipta og þjónustulóð sem er 13357 $m^2$ að stærð. Mannvirki á lóðinni eru skólabygging 1420,4 $m^2$ , íþróttahúsi 745 $m^2$, heimavist 1197 $m^2$, íbúð 107,7 $m^2$ og þrjár íbúðir samtals 261,9 $m^2$(heimild, skra.is).

Rökstuðningur sveitarstjórnar fyrir óverulegri breytingu á aðalskipulagi er eftirfarandi:

- Skólahald var lagt niður í Laugarbakkaskóla haustið 2014.
- Húsnæðið hefur verið nýtt fyrir hótelrekstur yfir sumartímann til fjölda ára og því er reynsla af þeirri starfsemi sem landnotkunarbreytingin hefur í för með sér.
- Aðliggjandi skólalóðinni er gróðrarstöð, íþróttasvæði og opið svæði þannig að starfsemin mun hafa óveruleg áhrif á aðliggjandi landnotkun.
- Á undanförnum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Húnaþingi vestra. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu hefur margfaldast. Á síðasta ári komu yfir 27 þúsund ferðamanna í upplýsingastöð Húnaþings vestra á Hvammstanga sem er 35% aukning frá árinu áður. Samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram. Fjölgun ferðamanna kallar á aukna þjónustu en á Hvammstanga er skortur á nýjum lóðum fyrir verslun- og þjónustu.

| ÁR | GESTA KOMUR | FJÖLGUN |
|---|---|---|
| **2011** | 4.958 | |
| **2012** | 10.754 | 116% |
| **2013** | 17.389 | 61,7% |
| **2014** | 20.186 | 16,1% |
| **2015** | 27.127 | 34,4% |

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann ____________________ 2016

____________________________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann ____________ 2016

____________________________________




| AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA | | | Teikn. nr: | Breytt: |
|---|---|---|---|---|
| | | | Verk nr: | |
| BREYTINGARUPPDRÁTTUR | | | Hannað: | |
| Dags: 05.04.2016 | Mkv:1:10.000 | Teikn:mó | | |
| Yngvi Þór Loftsson | | | | |

LANDMÓTUN sf Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 fax: 554 5360 netf: landmotun@landmotun.is